

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur nr. 12, haldinn mánudaginn 18.09.2013 kl. 16:30 á Kjóavöllum.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Hannes Hjartarson, Brynja Viðarsdóttir og Hermann Vilmundarson sem ritaði fundargerð

1. Úttekt framkvæmda í reiðhöll.
Guðni og Jón Albert leiddu stjórnarmenn um bygginguna og svöruðu spurningum byggingin er óðum að taka á sig mynd og var henni gustlokað í dag þannig að nú hefst inni vinna að fullum krafti, framkvæmdir eru á áætlun
2. Næstu stjórnarfundir, staður stund.
Stefnt að því að að því að halda stjórnarfundum hálfsmánaðarlega í haust á þriðjudögum kl:17:30 næsti fundur verður 1.okt.
3. Metamót – dómaramál.
Einhver núningur eða misskilnigur vegna uppgjors við dómara, einungis einn dómari skilaði inn tíma skýrslu og var gert upp við aðra í samræmi við það, ekki hefur komið formleg ósk um leiðréttingu frá öðrum dómurum þrátt fyrir að kallað hafi verið eftir þeim. Óánægja var hjá dómurum með fæði sem boðið var uppá og verður það að skrifast á verktakann sem var með veitingarekstur á svæðinu.
4. Tímabundin ráðning Kristjáns Sveinbjörnssonar.
Stjórnarmenn sammála um að ráða Kristján til 15. Nóvember til þess að koma lagi á eignir Sprettis og gera þær klárar fyrir veturinn.
5. Rekstur reiðskemmu á haustmánuðum.
HH og GH ætla að útbúa gjaldskrá og koma til Kristjáns sem sér um að legja hana út á meðan hann starfar hjá félaginu
6. Starfshópur um yfirlag í reiðhöll og á reiðvöll.
Samþykkt að kalla til starfshóp til þess að meta hvað væri hentugast sem yfirlag á reiðhallargólf og keppnisvöll. HH og SS taka að sér að skipa í starfshópinn.
7. Vsk og reiðhöll.
Erindi um breytt fyrirkomulag vegna byggingu reiðhalla, verður ekki lagt fyrir bæjarráð Kópavogs á morgun en væntanlega að viku liðinni..
8. Á að ráða umsjónarmann yfir reiðkennslumálum?
Umræða um hvort fá eigi reiðkennara til þess að hafa yfirumsjón með reiðkennslu fyrir hönd Sprettis, stefnt að því að boða fræðslu- og æskulýsnefndarfólk á fund til þess að fara yfir þessi mál IGG boðar til fundarinnis

9. Fjölgun í nefndum
HH telur brýnt að fjölga fólki í nefndum á vegum Sprettis, leggur til að við fáum leiðbeinanda frá UMFÍ til þess kynna okkur þeirra hugmyndafræði til þess að virkja fólk til starfa. HH falið að halda áfram með málið.
10. Ráðning starfsmanna.
Stefnt er að því að ráða framtíðarmann fyrir 1.nóv til þess að sjá um reiðhallir og aðrar eignir Sprettis.
11. Umsókn um landsmót 2016.
Samþykkt að senda LH viljayfirlýsingu um að við getum tekið að okkur að halda landsmót 2016.
12. Skyndihjálpar námskeið
HH kominn í samband við aðila sem er tilbúinn að halda skyndihjálparnámskeið útfæra þarf tímasetningu ofl. með fræðslunefnd.
13. Vatnsbretti í reiðhöll.
Búið að kanna lauslega kostnað við vatnsbretti ekki talið borga sig að svo stöddu.
14. Vegur milli hverfa.
Brýnt er orðið að fá akveg milli hverfanna þar sem mikil slysaætta er með því að beina allri umferð uppá veg. Ákv að senda bæjarstjórn Garðabæjar erindi þar sem hvatt er til þessarar framkvæmdar
15. Önnur mál.
HH hvetur til þess að aðstaða fyrir heysala verði viðunandi en í dag eru þeir reitir sem ætlaðir eru til þessa, nýttir undir jarðvegs/grjót tipp.
HH leggur til að reynt verði að fá botn í það hvort megi vera með skítakassa fyrir utan hesthús á nýja svæðinu.

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Hermann Vilmundarson